

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 8. apríl kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 864. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Brynja Kemp Guðnadóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1, (fsp)** (01.152.4) Mál nr. SN220123
Skjalnr. 11187
breyting á deiliskipulagi
Ottó A. Michelsen ehf., Klettagördum 23, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Ottós A. Michelsen ehf. dags. 24. febrúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghúsastíg sem felst í að skilgreindir eru tveir nýir byggingarreitir á lóð ásamt byggingarreitur fyrir smáhýsi. Innan byggingarreits fyrir smáhýsi er heimilt að reisa palla og smáhýsi allt að 2.2 metrum að hæð. Einnig er gert er ráð fyrir 6 íbúðum á lóð, en ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóð. Jafnframt verða byggingar á lóð nr. 1 við Veghúsastíg fjarlægðar, samkvæmt deiliskipulagsuppd. Arkís arkitekta ehf., dags. 23. maí 2016 og skýringaruppdráttum dags. 31. maí 2016. Einnig er lögð fram prófunarskýrsla Mannvits vegna cöbraborunar dags. 9. júní 2016, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkurborgar dags. 22. janúar 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands 11. febrúar 2016. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
- Kópavogur - Vatnsendahvarf, deiliskipulag** Mál nr. SN220169
Skjalnr. 8439
íbúðabyggðar - tillaga til forkynningar
Kópavogsbær, Digraanesvegi 1, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2022 var lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 10. mars 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

3. **Skeljanes 2, breyting á deiliskipulagi** (01.675.1) Mál nr. SN210830
Skjalnr. 5768
Jón Magnús Halldórsson, Blómvellir 16, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. janúar 2022 var lögð fram umsókn Jóns Magnúasar Halldórssonar dags. 28. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðarinnar nr. 2 við Skeljanes. Í breytingunni felst stækkun hússins fyrir einnar hæðar viðbyggingu ásamt því að setja þaksvalir á viðbygginguna með tröppum út í garð, samkvæmt uppdr. K.J.Ark slf. ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
4. **Skógarhlíð 22, (fsp) svalir** (01.705.8) Mál nr. SN220133
Skjalnr. 7116
Fjölhæfni ehf., Ránarvöllum 12, 230 Keflavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Fjölhæfni dags. 2. mars 2022 ásamt bréfi ódags. mótt. 9. mars 2022 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 22 við Skógarhlíð, samkvæmt tillögu/þrívíddarteikningum ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi ódags. mótt. 22. mars 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
5. **Öldugata 47, Svalir 2.hæð - gluggar síkkaðir** (11.344.12) Mál nr. BN060310
- stigagangur Skjalnr. 10628
Valdimar Einar Valdimarsson, Öldugata 47, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera svalir á suðurhlíð íbúðar 0201, síkka glugga til að koma fyrir tvöfaldri svalahurð og setja á léttu vegg undir svalir til að skýla aðalinngangi íbúðar 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 47 við Öldugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2022.
Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Öldugötu 45 og Brekkustíg 15.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1., sbr. 12. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
6. **Grettisgata 53B, Breyta skráningu** (11.742.27) Mál nr. BN060712
Skjalnr. 12586
Aurora ehf., Langholtsvegi 88, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skráningu í gististað í flokki II með fimm íbúðum fyrir 16 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53B við Grettisgötu.
Gjald kr. 12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Tryggvagata 11, Breytingar inni 0101 -** (11.174.01) Mál nr. BN060640
veitingahús Skjalnr. 10917
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta veitingastað, með litlum kvikmyndasál, í flokki II tegund A fyrir alls 80 gesti, lækka gólf innan við bar og í kvikmyndasál og endurnýja glugga og hurðir 1. hæðar, í rými 0101 í skrifstofuhúsi á lóð nr. 11 við Tryggvagötu. Jafnframt eru erindi BN058861 og BN059862 dregin til baka.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Urðarstígur 4, breyting á deiliskipulagi** (01.186) Mál nr. SN220089
Skjalnr. 14268

Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. febrúar 2022 var lögð fram umsókn Þóris Jónssonar Hraundals dags. 12. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186, vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu sunnan hússins, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 1. janúar 2022. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. *Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

10. **Bryggjuhverfi við Grafarvog, breyting á** (04.0) Mál nr. SN210816
deiliskipulagi vegna Tangarbryggju 6-8, 10, Skjalnr. 7634
12 og 12A og Naustabryggju 17-19 og 31-33

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 31-33 við Naustabryggju. Í breytingunni felst að komið er fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóð. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. mars 2022 til og með 4. apríl 2022. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Baldur Ólafsson, dags. 1. apríl 2022, Jónína R. Einarsdóttir dags. 1. apríl 2022, Ólafur Helgi Moberg Ólafsson dags. 3. apríl 2022, Haukur Bragason dags. 4. apríl 2022, Iris Edda Nowenstein dags. 4. apríl 2022, Arna Kristjánsdóttir og Benedikt Óskarsson f.h. húsfélags Naustabryggju 31-33 dags. 4. apríl 2022 og Björn Jón Bragason f.h. Lóðafélagsins Naustabryggju 21-29 og 41-57 dags. 30. mars 2022. *Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Hrísateigur 18, breyting á deiliskipulagi** (01.346.2) Mál nr. SN220071
Skjalnr. 13935

Myrra Leifsdóttir, Hrísateigur 18, 105 Reykjavík
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. mars 2022 var lögð fram umsókn Magnúsar Alberts Jenssonar dags. 4. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan Sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hrísateig. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til norðausturs og heimilt er að vera með svalir og stiga niður í garð á suðausturgafli hússins ásamt því að breyta bílskúrum á lóð í vinnustofur/geymslur, samkvæmt uppdr. teiknistofu Magnúsar Jenssonar dags. 4. febrúar 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hrísateigi 16 og 20, Otrateigi 3 og Sundlaugavegi 7.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

12. **Höfðabakki 1, Breyting á rými á 1. og 2.hæð** (40.700.01) Mál nr. BN060738
Skjalnr. 7530

JB Eignir ehf., Gylfaflöt 17, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. hæð, þannig að stigahús er gert að sér rými og eignum fjölgað á 2. hæð með því að breyta skrifstofurými 0201 í fjórar íbúðir í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, mhl. 02 á lóð nr. 1 við Höfðabakka.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

13. **Hringbraut 121, (fsp) breyting á notkun húss og setja svalir á húsið** (01.520.2) Mál nr. SN220161
Skjalnr. 5880
Áslaug Thorlacius, Þinghóltsstræti 14, 101 Reykjavík
Myndlistaskólinn í Reykjavík ses., Hringbraut 121, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Áslaugar Thorlacius dags. 18. mars 2022 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 121 við Hringbraut úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhús og setja svalir á húsið. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
14. **Fiskislóð 41, (fsp) innkeyrsla** (01.086.6) Mál nr. SN220052
Skjalnr. 14160
Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Bílabúðar Benna dags. 26. janúar 2022 um að bæta við innkeyrslu á lóð nr. 41 við Fiskislóð, samkvæmt tillögu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Fossagata 14, (fsp) tvöfaldur bílskúr** (01.636.7) Mál nr. SN210344
Skjalnr. 14460
Sindri Snær Ómarsson, Fossagata 14, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Sindra Snæ Ómarssonar dags. 6. maí 2021 um að gera tvöfaldan bílskúr á lóð nr. 14 við Fossagötu. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embættið, og er nú lagt fram að nýju.
Ítrekað er að fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
16. **Hverfisgata 121, (fsp) fjölgun íbúða** Mál nr. SN220134
Skjalnr. 14612
Guðmar Valþór Kjartansson, Álfhólsvegur 10, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Guðmars Valþórs Kjartanssonar dags. 2. mars 2022 um að fjölga íbúðum hússins á lóð nr. 121 við Hverfisgötu úr fjórum íbúðum í sjö íbúðir. Fyrirspyrjandi var beðin um að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa og er erindið nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti fyrirspyrjanda dags. 20. mars 2022 og uppdætti MAREY arkitekta ehf. dags. 20. mars 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
17. **Iðunnarbrunnur 15, Tvíbýlishús** (26.934.10) Mál nr. BN060509
Skjalnr. 14270
GP verk ehf, Rjúpnahæð 11, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum og kjallara að hluta á lóð nr. 15 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

18. **Kjalarnes, Norðurkot, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220047
Skjalnr. 10244
Sigurbjörn Hjaltason, Kiðafell 2, 276 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lögð fram umsókn Sigurbjörns Hjaltasonar dags. 25. janúar 2022 ásamt bréfi dags. 1. desember 2021 um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Bugamel í landi Norðurkots á Kjalarnesi. Einnig er lagt fram bréf umsækjanda til Skipulagsstofnunar dags. 5. janúar 2021, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu dags. 18. febrúar 2021, yfirlitsmynd yfir efnistökusvæði ódags og hluti úr sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
19. **Lindargata 58, Leyfi fyrir áður gerðum breytingum (sjá BN054353)** (01.153.205) Mál nr. BN055333
Skjalnr. 14086
Sigrún J Oddsdóttir, Grandavegur 47, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skráningu geymslu í vinnustofu og byggja svalir og tröppur á bakhlið ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í rými 0002 í húsi á lóð nr. 58 við Lindargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, gera þarf breytingu á deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
20. **Miðtún 90, (fsp) kvistir og íbúð** (01.235.1) Mál nr. SN220180
Skjalnr. 8002
Saga Magnúsdóttir, Miðtún 90, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Sögu Magnúsdóttur dags. 24. mars 2022 um að setja kvisti á húsið á lóð nr. 90 við Miðtún, samkvæmt tillögu ódags. ásamt því að gera íbúð í risi hússins. Einnig er lögð fram álitsgerð/bréf byggingarfulltrúa dags. 5. febrúar 2004. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
21. **Lindargata 50, (fsp) rekstur menningarhúss** (01.153.2) Mál nr. SN220132
Skjalnr. 10663
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Chabad á Íslandi, Grandavegi 42f, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 2. mars 2022 ásamt bréfi dags. 2. mars 2022 um að starfrækja menningarhús gyðinga í húsinu á lóð nr. 50 við Lindargötu ásamt því að stækka bakhús lóðarinnar þar sem hámarkshæð yrði í samræmi við hæsta punkt núverandi hús. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2022
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 31. mars 2022, samþykkt.
22. **Tjarnargata 41, (fsp) breyting á kvistum** (01.143.1) Mál nr. SN220190
Skjalnr. 14186
Elmar Ágúst Garðarsson, Tjarnargata 41, 101 Reykjavík
Kristjana M Guðmundsdóttir, Tjarnargata 41, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristjönu M. Guðmundsdóttur dags. 31. mars 2022 um breytingu á kvistum hússins á lóð nr. 41 við Tjarnargötu, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. apríl 2022, samþykkt.

23. **Eiðsgrandi - Ánanaust, framkvæmdaleyfi** (01.5) Mál nr. SN220179
Skjalnr. 5357
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 24. mars 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir endurgerð göngustíga meðfram nýendurgerðum sjóvarnargörðum að Eiðsgranda - Ánanausti og fyrir gerð útsýnisstaðar við sjóvarnargarðsins, í samræmi við gildandi deiliskipulagi. Einnig er lagður fram samþykktur deiliskipulagsuppdráttur Hornsteina arkitekta ehf. dags. 5. nóvember 2021 og teikningasett Verkís dags. 1. mars 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
24. **Eirhöfði, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220191
Skjalnr.
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 1. apríl 2022 um framkvæmdaleyfi vegna færslu fráveitulagna að Eirhöfða, samkvæmt uppdráttum Eflu dags. 4. mars 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
25. **Erindi íbúaráðs Kjalarness um lóðamál í Grundarhverfi, - MSS22020140** Mál nr. US220049
Skjalnr.
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lagt fram bréf íbúaráðs Kjalarness, dags. 15. janúar 2022 um erindi íbúaráðsins, dags. 3. febrúar 2022, til skipulags- og samgönguráðs um lóðamál í Grundarhverfi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
26. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás 1 og 3 og Þengilsbás 2, 4, 6 og 8, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN210815
Skjalnr.
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn GF 1 ehf. dags. 13. desember 2021 ásamt bréfi Spildu f.h. lóðarhafa GF 1 ehf. og GF 2 ehf. dags. 16. desember 2021 um breytingu á deiliskipulagi Gufunes, áfanga 1, vegna lóða á svæðum A og C skv. gildandi deiliskipulagi, nánar til tekið lóða nr. 1 og 3 við Jöfursbás og 2, 4, 6 og 8 við Þengilsbás, sem felast m.a. í breytingu á notkun lóðanna með aukningu íbúðarhúsnæðis á kostnað atvinnuhúsnæðis, breyttri lögun á byggingareitum, gerð almenningsstorga, auknu byggingarmagni o.fl. Útgangspunktur breytingar á skipulagi er vinningstillaga í hugmyndaleit sem lóðarhafi efndi til vorið 2021 í samstarfi við AÍ. Einnig fylgja kynningargögn lóðarhafa og fasteignaþróunarfélags ásamt ódags. drögum að breytingu á deiliskipulagi og verðlaunatillögu samkeppni. Jafnframt er lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar dags. 19. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.

27. **Asparfell 2-12, djúpgámar** (46.810.01) Mál nr. BN060775
Skjalnr. 7961
Asparfell 2-12, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður þrjú djúpgámasett með fimm gámum hvert, fyrir stigaganga í húsi 2-12 við Asparfell.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Grænahlíð 3, (fsp) bílskúr** (01.711.2) Mál nr. SN220130
Skjalnr. 14611
Jónas Hlíðar Vilhelmsson, Grænahlíð 3, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Jónasar Hlíðars Vilhelmssonar dags. 23. febrúar 2022 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 3 við Grænahlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Ekki er gerð athugasemd við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
29. **Stigahlíð 39, (fsp) svalalokanir á 3. hæð** (01.712.1) Mál nr. SN220181
Skjalnr. 14624
Ragnar Már Stefánsson, Stigahlíð 39, 105 Reykjavík
Kristín Ragnarsdóttir, Stigahlíð 39, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Ragnars Márs Stefánssonar dags. 11. mars 2022 um lokun svala á 3. hæð hússins á lóð nr. 39 við Stigahlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
30. **Víðihlíð 34, (fsp) útbúa íbúðarherbergi í óútgröfnu kjallararými** (01.782.6) Mál nr. SN220124
Skjalnr. 7369
Auður Alfífa Ketilsdóttir, Grettisgata 73, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Auðar Alfífu Ketilsdóttur dags. 24. febrúar 2022 um að útbúa íbúðarherbergi/rými í óútgröfnu kjallararými í húsinu á lóð nr. 34 við Víðihlíð, samkvæmt tillögu/skisum ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. janúar 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.
31. **Þórsgata 6, (fsp) uppbygging** (01.184.2) Mál nr. SN220105
Skjalnr. 10954
Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík
Hörsey ehf, Gerðhömrum 27, 112 Reykjavík
P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar dags. 18. febrúar 2022 ásamt bréfi ódags. um byggingu fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Þórsgötu, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu dags. 24. janúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. apríl 2022, samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:35.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir.